

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í Stangarholti, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 19. nóvember 2002.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að breyta akstursstefnu um Bergstaðastræti þannig að þar verði einstefna til suðurs, milli Laugavegar og Skólavörðustígs.

Akvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. nóvember 2002.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðasvæðis á Völlum, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 12. nóvember 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðasvæðis á Völlum, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Breytingin felur í sér m.a. stækkun byggingarreita og aukna nýtingu lóða.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. nóvember 2002.*

**Anna Margrét Tómasdóttir** arkitekt.